

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu (úrbætur á pósthmarkaði)

Hinn 2. desember 2022 lagði innviðaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 98/2019, um pósthjónustu. Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirfarandi á framfæri.

Lagfæring

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt upp með að orðunum „Póst- og fjarskiptastofnun“ verði skipt út, úr ákvæðum laga nr. 98/2019, og í stað þeirra komi orðið „Byggðastofnun“.

Samkvæmt sérstökum athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er með henni efnislega lagt upp með lagfæringu á ákvæðum laga nr. 98/2019. Við samþykkt laga nr. 76/2021, sem höfðu þann tilgang að færa stjórnsluframkvæmd á sviði póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar, láðist að breyta ýmsum greinum laga nr. 98/2019. Þar með hafði Alþingi ekki beitt verkskipulagsvaldi sínu með svo fullnægjandi hætti að stjórnsluframkvæmdin hefði í raun og veru að fullu verið færð til Byggðastofnunar og samkvæmt orðum laganna hvíldi heimild til ýmskonar ákvarðanatöku enn á herðum Póst- og fjarskiptastofnunar.

Framkvæmd

Eins og áður segir kom á daginn, þegar Byggðastofnun hugðist beita valdheimildum samkvæmt breyttum lögum, að hún bjó við valdpurrð, þ.e. hafði ekki vald til töku ákvarðana sem hún hafði hafið undirbúning að.

Þær ákvarðanir sem Byggðastofnun hafði í undirbúningi, þegar kom á daginn að stofnunina skorti valdheimildir, sneru að álagningu dagsekta á fyrirtæki sem létu undir höfuð leggjast að skrá sig sem pósthrekendur hjá Byggðastofnun. Ákvarðanir um dagsektir eru þvingunarúrræði stjórnvalda sem ætlað er að stuðla að breyttri hegðun, í þessu tilviki að hvetja aðila til skráningar sem pósthrekandi. Dagsektir geta numið verulegum fjárhæðum og þar að auki er í 45. gr. laga nr. 98/2019 kveðið á um heimildir til rekstrarstöðvunar.

Auðsætt er að pósthjónusturekstur er ekki hið sama og rekstur þjónustu við vöruflutninga enda felur pósthjónusta í sér þjónustu sem nær til *móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og dreifingar á pósthendingum gegn greiðslu*. Þrátt fyrir það hafði Byggðastofnun þann háttinn á að boða álagningu dagsekta á fyrirtæki í hraðflutningum og almennum vöruflutningum. Verður ekki betur séð að í því tilliti hafi Byggðastofnun hvað helst litið til þess að hugtakið pósthending væri skilgreint með eftirfarandi hætti í 21. tölul. 4. gr. laga nr. 98/2019:

Póstsending: Sending með eða án áritunar á umbúðir hennar. Auk bréfa upp að 2 kg teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og pakkar upp að 20 kg sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

(Undirstrikun SVP)

Með öðrum orðum virðist Byggðastofnun hafa litið svo á að öll fyrirtæki sem önnuðust flutning pakka upp að 20 kg teldust skráningarskyldir póstrekendur. Þessum skilningi var mótmælt og m.a. bent á að túlka yrði inntak skilgreiningar 21. tölul. 4. gr. laga nr. 98/2019 með hliðsjón af efni skilgreiningar póستtilskipunarinnar (sem var innleidd hér á landi með lögnum) sem er svohljóðandi á ensku:

Postal item: an item addressed in the final form in which it is to be carried by a postal service provider. In addition to items of correspondence, such items also include for instance books, catalogues, newspapers, periodicals and postal parcels containing merchandise with or without commercial value.

(Undirstrikun SVP)

Til þess er að líta að samkvæmt upplýsingum sem koma fram á heimasíðu Byggðastofnunar eru bæði hraðsendingafyrirtæki og vöruflutjendur í einhverjum tilvikum nú þegar skráðir póstrekendur!

Fyrri ábendingar SVP

Þegar áform um framlagningu frumvarpsins voru birt á samráðsgátt stjórnvalda, hinn 15. júlí 2022, bentu SVP á að ekki væri aðeins nægilegt að framkvæma þá lagfæringu sem gerð er tillaga um í frumvarpinu heldur þyrfti samhliða að útfæra betur skilgreiningu póستþjónustu, í lögum nr. 98/2019, þannig að engin, hvorki fyrirtæki sem starfa á sviði flutninga og póstrekendur né Byggðastofnun, þyrfti að velkjast í vafa um inntakið. Ábendingunni var að nýju komið á framfæri við innviðaráðuneytið þegar drög að frumvarpinu voru birt á samráðsgáttinni, hinn 16. september 2022.

Um ábendingar SVP er stuttlega fjallað í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins þar sem ráðuneytið tekur undir með samtökunum. Þrátt fyrir það og í ljósi framkvæmdar Byggðastofnunar hefur ekki verið brugðist við ábendingum SVP heldur er því þvert á móti borið við að það þurfi frekari umfjöllunar við að ákvarða skilsmun vöruflutninga og póستþjónustu. Það er hreint út sagt afleit staða.

Áhrif

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt eru verulegar líkur á að Byggðastofnun haldi áfram þar sem frá var horfið og krefjist þess að vöru- og hraðflutningafyrirtæki sem starfa á Íslandi skrái sig sem póstrekendur að viðlögðum dagsektum enda hafa engin merki sést í þá átt að stofnunin hafi endurskoðað fyrri afstöðu sína.

Þó skráningu póstrekanda fylgi réttindi fylgja henni einnig skyldur á borð við þá að merkja starfsemi sem rekstur póستþjónustu, birta almenna viðskiptaskilmála fyrir póستþjónustu á vefsíðu, vinna samkvæmt settum gæðakröfum póستþjónustu og standa skil á rekstrargjaldi og skráningargjaldi póstrekanda. Þá er unnt að leggja alþjónustukvöð á póstrekendur.

Í ljósi framangreinds geta SVP ekki annað en lagst gegn samþykkt frumvarpsins nema umhverfis- og samgöngunefnd ráðist í að breyta á skilgreiningu á hugtakinu pósthjónusta til samræmis við hugtaksskilgreiningu pósthilskipunarinnar. Verði það ekki gert er afar hætt við að án tilefnis verði lagðar byrðar á hrað- og vöruflutningafyrirtæki víða um land sem brjóta í bága við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur